

Félags – og skólaþjónusta
RANGÁRVALLA- OG VESTUR- SKAFTAFELLSSÝSLU
Suðurlandsvegur 1-3, 850 Hella og Austurvegur 4, 860 Hvalsveli

FUNDARGERÐ

35. fundur stjórnar *Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu* haldinn þriðjudaginn 27.11. 2018, klukkan 17:00 í fundarsal Rangárþings Eystra að Auðsturvegi 4 á Hvalsveli.

Mætt eru Brynja J. Jónasdóttir varaformaður stjórnar sem stjórnaði fundi í forföllum Lilju Einarsdóttur formanns, Benedikt Benediktsson varamaður Lilju Einarsdóttur, Haraldur Eiríksson, Þorsteinn M. Kristinsson, Þorbjörg Gísladóttir, Helga Lind Pálsdóttir, Edda G. Antonsdóttir og Guðmundur Pétur Guðgeirsson starfsmaður KPMG.

Xxxx ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Drög að fjárhagsáætlun Félagsþjónustudeildar fyrir árið 2019.

Helga Lind og Guðmundur Pétur fóru yfir fjárhagsáætlun Félagsþjónustudeildar fyrir árið 2019.

Félagsþjónustan tók yfir heimaþjónustuna 1. febrúar sl. og er nú gerð fjárhagsáætlun fyrir málaflökkinn í fyrsta sinn fyrir sveitarfélögin þrjú í Rangárvallasýslu. Áætlaður kostnaður við rekstur heimaþjónustu sveitarfélaganna þriggja fyrir árið 2019 er kr. 41.791.721.-.

Fulltrúar sveitarfélaganna þriggja samþykkja fjárhagsáætlun heimaþjónustunnar.

Rekstur Félagsþjónustunnar er áætlaður kr. 77.174.763.-, sem er hækkun um 20,08% frá fyrra ári. Hækkunin felst fyrst og fremst í kjarasamningsbundnum launahækkunum og fjölgun stöðugilda, auk þess sem hér er gert ráð fyrir kostnaði vegna bakvakta í félagsþjónustunni v. barnaverndar (sjá bókun)*.

***Bókun við fjárhagsáætlun félagsþjónustudeildar:**

Undir 7. lið á 34. fundi stjórnar fór félagsmálastjóri yfir vaxandi verkefni á bakvakt félagsþjónustunnar, þar sem útköllum hefur fjölgað verulega. Telur Helga Lind nú mikla þörf á að dreifa álagi vegna bakvaktarinnar á fleiri starfsmenn en félagsmálastjóra og

E.G.A. 

kynnti fyrir stjórninni nokkrar færar leiðir. Stjórnin vísaði málinu til fjárhagsáætlunargerðar. Nú er því gert ráð fyrir fjámagni í bakvaktir til reynslu í eitt ár og þaðan metin að ári hvernig fyrirkomulagið reynist. Ekki er fullmótuð tillaga að fyrirkomulagi en félagsmálastjóri hefur í samráði við stjórnarformann lagt grunn að fyrirkomulagi sem hefur reynst vel annarsstaðar og er skv. heimild í kjarasamningum Félagsráðgjafafélagsins og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Rekstur málaflokks fatlaðs fólks er áætlaður kr. 11.350.486.- og hækkar hann um 7,22% milli ára.

Kostnaður vegna félagsmálanefndar er tekinn inn í áætlun Félagsþjónustudeildar.

Stjórnin samþykkir fjárhagsáætlun fyrir félagsþjónustudeildina.

2. Drög að fjárhagsáætlun Skólaþjónustudeildar fyrir árið 2019.

Edda og Guðmundur Pétur fara yfir fjárhagsáætlun Skólaþjónustudeildar fyrir árið 2019. Áætlað er að kostnaður við rekstur deildarinnar verði kr. 65.903.509.-, sem er lækkun um 2,05% frá fyrra ári, sem m.a má rekja til fækkunar starfsstöðva og hagræðingar sem af því stafar, m.a. hvað varðar akstur starfsmanna á eigin bílum, auk skipulagsbreytinga þar sem ekki er lengur gert ráð fyrir talmeinafræðingi í föstu starfi, heldur að sú þjónusta verði keypt í verktöku.

Sértekjur eru kr. 1.200.000.- og framlög frá sveitarfélögunum kr. 65.903.509.- Stjórnin samþykkir fjárhagsáætlunina.

3. Önnur mál.

Engin mál voru rædd undir þessum dagskrárlið.

Ekki fleira gert og fundi slitið kl. 18:15

Edda Antonsd.

Brynja J. Jónasdóttir
Benedikt Þorvaldsson
Haraldur
Brynja J. Jónasdóttir
Benedikt Þorvaldsson